

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sóley Birgisdóttir

Nemendur: 35 nemendur

Menntagildi námsgreinar:

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrár annarra greina.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">Nýtt upplýsingaver sér til gagns í stýrðu námi,Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám,Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum,Beitt réttri fingrasetningu.	<ul style="list-style-type: none">Gerð verða ýmis verkefni í Word, Excel, Power point, Sway, Book Creator og Green Screen.Nemendur fá þjálfun í að nýta bækur, bæklinga o.fl. við upplýsingaöflun og skráningu.Ýmis þemavinna unnin með mismunandi forritum til kynningar og verkefnaskila.	<ul style="list-style-type: none">Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.Umsögn að vori.Ýmis verkefni í sem tengjast öðrum greinum eru metin þar í lokamati.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none">Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi,Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga,Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða,Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.	<ul style="list-style-type: none">Ýmis þemavinna unnin með mismunandi forritum til kynningar og verkefnaskila.Nemendur fá þjálfun í að nýta bækur, bæklinga o.fl. við upplýsingaöflun og skráningu.Ýmis ritunarverkefni og önnur þematengd vinna.	<ul style="list-style-type: none">Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.

Tækni og búnaður	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu og gerð stuttmynda. 	<ul style="list-style-type: none"> nemendur fá að útbúa myndband í samfélagsfræði, taka viðtal í ensku og eiga val um önnur verkefnaskil í Green Screen m.a. 	
Sköpun og miðlun	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur vinna ýmis verkefni og kynningar í námsgreinunum þar sem upplýsingatækni er nýtt og mismunandi forrit notuð. 	
Siðferði og öryggismál	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netmiðlum. 	<ul style="list-style-type: none"> Kynning og umræður um netsamskipti og öryggi á netinu. 	

Kennslugögn: Upplýsingatækni 5.-7.bekkur (heimasíða), www.google.com, orðabækur, þýðingavélar o.fl. t.d. www.arnastofnun.is. [Translate.google.com](http://translate.google.com), leitarvélar, ýmis konar frír hugbúnaður sem nýtist okkur í skólastarfi, ýmsir námsvefir/nemendatenglar og ýmsar námsbækur. Bit Moji. Office hugbúnaður.